

Ályktun um jafnréttisnefnd

Fjórða þing KÍ haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 felur stjórn KÍ að skipa jafnréttisnefnd sem hafi það hlutverk að vinna að framgangi jafnréttismála innan KÍ, í skólum og í þjóðfélaginu almennt. Nefndin skal skipuð formanni sem komi úr stjórn KÍ auk fjögurra annarra fulltrúa sem stjórn tilnefnir.

Nefndin skal:

- Vera stjórn KÍ til ráðuneytis um jafnréttismál og gera tillögur til stjórnar um aðgerðir í jafnréttismálum.
- Endurskoða jafnréttisstefnu KÍ í ljósi nýrra jafnréttis laga. Við endurskoðun verði einnig höfð til hliðsjónar hugmyndafræði mannréttindamála.
- Vinna umsagnir um frumvörp og önnur erindi þar sem óskað er eftir álitum KÍ um jafnréttismál.
- Hafa forgöngu um samstarf við jafnréttisnefndir annarra launþegasamtaka.
- Framfylgja samþykktum 4. þings KÍ er varða jafnréttismál.
- Annast verkefni sem tengjast aðkomu KÍ að alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars.
- Annast tilfallandi verkefni sem stjórn KÍ felur nefndinni og falla að verksviði hennar.

Stjórn KÍ skal tryggja að nefndin hafi aðgang að starfsmanni á skrifstofu KÍ eftir því sem þurfa þykir. Nefndin skal leita samþykkis stjórnar áður en ráðist er í verkefni sem krefjast sérstakra fjárútláta.